

Mál nr. 160/2008
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar T

Slys í heitum potti þ. 24.12.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.8.2008. ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.433/08
3. Bréf V dags. 2.9.2008 ásamt fylgiskjölum 1-6.

Málsatvik.

Kona var að passa dótturson sinn og lét renna vatn í heitan pott fyrir utan heimili sitt og nokkru síðan hafi dóttursonurinn stokkið ofan í pottinn og brennt sig enda hafi vatnið í pottinum þá mælst rúmlega 68 gráðu heitt. Barnið brenndist illa. Söluaðili blöndunartækja í pottinum er T. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu T hjá V og halda fram að orsök slyssins sé galli í blöndunartækjunum sem T hafi selt. V hafnar bótaskyldu og bendir á að við skoðun á blöndunartækjunum hafi komið í ljós að veruleg óhreinindi höfðu safnast á tækið eins og geti gerst við mikla notkun og því sé ekki um galla að ræða heldur skort á eðlilegri hreinsun og/eða viðhaldi á tæki sem hafi verið sett upp árið 2001 þá hafi tekið óvenjulega langan tíma að fylla pottinn sem hefðu átt að vekja grunsemdir um að blöndunartækin væru orðin óhrein auk þess sem ekki hefði verið hafður hitamælir á vatnslögn út í pott og nota fljótandi mæla í potti svo sem T mælist til. Af hálfu V er einnig bent á að ekki hafi verið sýnt fram á að skilyrði skaðsemisábyrgðar skv lögum nr. 25/1991 séu fyrir hendi. Af hálfu lögmanns T er því mótmælt að starfsmenn T hafi viðurkennt að um galla í tækjunum hafi verið að ræða svo sem að lögmaður M heldur fram.

Álit.

Ekki hafa verið lögð fram gögn í málinu sem sýna að um galla hafi verið að ræða sem leitt hafi til umrædds slyss. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu T hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu T hjá V.

Reykjavík 25.9 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.